

1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn fimmtudaginn 30. ágúst 2018 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Anna Jeeves varafulltrúi kennara, Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Viktor Freyr Ómarsson forseti NFFG og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð. Sigrún María Jörundsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

- Fjármál skólans - ársuppgjör 2017 loksins komið frá fjársýslunni og afkoma skólans er góð. Ýmislegt hefur verið keypt á árinu og þarf að kaupa fleira eins og til dæmis nýja stóla í hátíðarsalinn.
- Innritun á haustönn 2018 – innritunarferlið var eins og boðað hafði verið á síðasta ári og í fyrsta sinn var hópi Garðbæinga neitað um skólavist. Aðsókn úr öðrum sveitarfélögum hefur aukist. Nefndin telur ýmislegt við innritunarreglur sem mætti lagfæra og breyta. Það væri t.d. gott að geta tekið inn þá sem eru með skólann í fyrsta vali en það er ekki leyfilegt að flokka út frá fyrsta og öðru vali. Nemendaígildin þyrftu að vera fleiri í sveitarfélagi sem er stækkandi. Spurning hvort þyrftu að vera til einhver kvóti sem gæti komið til móts við framhaldsskóla sem eru með margar umsóknir þ.e að hægt væri að auka nemendaígildi tímabundið miðað við umsóknafjölda. FG er á góðum stað hvað vinsældir varðar, en þurfum að fá stækkun skólans í gang. Verður tekið fyrir á vettvangi bæjarstjórnar Garðbæjar á komandi vikum. Ráðherra verður boðið í heimsókn fljótlega í FG.
- Breytingar í starfsmannamálum – Nýr matráður fyrir starfsmenn og nýr húsvörður hafa verið ráðin annars litlar breytingar.
- Mötuneyti FG - Dagar hafa tekið yfir rekstur á mötuneyti nemenda. Boðið er upp á fjölbreyttan mat og greiðsluform, t.d. er möguleiki á áskrift. Skólabragur verður betri ef margir eru í hádegismat og borða saman. Það þarf að bæta umgengni nemenda og kom fram hugmynd um að fá eldri borgara inn og ræða við nemendur um umgengni og/eða fulltrúa landsliðsins í knattspyrnu en þeir hafa sýnt gott fordæmi hvað umgengni varðar.
- Önnur mál
Vantar að fylgja eftir bréfi skólanefndar til ráðherra sem sent var á síðustu önn. Nýnemaferð verður í næstu viku að Flúðum, gist í eina nótt og svo nýnemaballið í vikunni þar á eftir.
Þriggja anna kerfið verður tekið upp haust 2019, unnið er að því samkvæmt skipulagi.

Næsti fundur fimmtudaginn 25. október

Fundi slitið kl.12:35

Snjólaug E. Bjarnadóttir